

Fundargerð 307. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 10. júní 2010, kl. 17:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Gústaf Jölull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 20. maí 2010. Liður 5 undir önnur mál frá 12. maí 2010:

Sveitarstjóra og Agli falið að semja um tímavinnu við verktakann við málun á Hellisbraut 72. Sleppa skal að mála þakinu að sinni. Fundargerðin samþykkt.

Mál til afgreiðslu:

1. **1005037** Tölvupóstur dags. 19. maí s.l. frá nefndasviði Alþingis með ósk um umsögn vegna 77. máls um frumvarp til laga um orlof húsmæðra. Ákveðið að veita ekki umsögn.
2. **1006010** Bréf dags. 2. júní s.l. frá skólaráði Reykhólaskóla með áskorun um að bókasafn skólans verði tilbúið við skólabyrjun í ágúst n.k. Fundargerð skólaráðs fylgir með. Kynnt.
3. **1002020** Reykhóladagurinn 2010. Háttur á umsjón. Ákveðið að auglýsa eftir framkvæmdastjóra fyrir Reykhóladaginn 2010.

Mál til kynningar:

1. **1006008** Bréf dags. 1. júní s.l. frá Orkubúi Vestfjarða með tilkynningu um stöðvun á leigu og þjónustu frádráttarmæla. Kynnt.
2. **1005047** Bréf dags. 19. maí s.l. frá Vinnueftirlitinu um hertar aðgerðir í eftirliti í byggingar- og mannvirkjagerð. Kynnt.
3. **0908007** Bréf dags. 27. maí s.l. frá Siglingastofnun um tilboð í varnargarð við Reykhólahöfn og fundargerð fundar með bjóðanda. Kynnt.

Önnur mál.

1. **1006021** Bréf dags. 12. apríl s.l. frá Hagþjónustu landbúnaðarins með ósk um að sveitarfélagið yfirfari lögbýlaskrá frá 31.12.2009 og geri leiðréttingar eða athugasemdir ef nauðsynlegt. Karl og Rebekka taka að sér að yfirfara skrána.

Gústaf Jökull oddviti þakkaði fráfarandi sveitarstjórnarmönnum og sveitarstjóra fyrir gott samstarf á liðnu kjörtímabili. Fráfarandi sveitarstjórnarmenn, Egill, Karl og Rebekka, þökkðu oddvita, sveitarstjóra og öðrum sveitarstjórnarmönnum fyrir ánægjulegt og gott samstarf síðastliðin fjögur ár.

Flera ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:40.

Gústaf Jölull Ólafsson, (sign), Karl Kristjánsson (sign), Egill Sigurgeirsson (sign), Rebekka Eiríksdóttir (sign), Sveinn Ragnarsson (sign), Óskar Steingrímsson (sign).